

Ár 2017, þriðjudaginn 22. ágúst 2017, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 4/2017:

Knattspyrnudeild Fylkis
gegn
Knattspyrnudeild ÍBV

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Fylkis kt. 571083-0199
Fylkisvegi 6
110 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Árni Jónsson

Kærði:

Knattspyrnudeild ÍBV kt. 680197-2029
Týsheimili
901 Vestmannaeyjar
Fyrirsvarsmaður: Jón Ólafur Daníelsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. ágúst sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 10. ágúst. Kærði svaraði með óformlegum tölvupósti dags. 4. ágúst sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks ÍBV gegn Fylki í 2. flokki kvenna sem fram fór þriðjudaginn 1. ágúst verði 0-3.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik ÍBV gegn Fylki:

ÍBV tefldi fram ólöglegum leikmanni í leik 2. flokki kvenna ÍBV gegn Fylki. Um er að ræða Júlíönu Sveinsdóttur sem er fædd árið 1997 og spilaði áður nefndan leik 1. ágúst 2017 með 2. flokki. Hún spilaði síðast keppnisleik hjá meistaraflokki ÍBV í Pepsi-deild kvenna þann 2. Júlí 2017 gegn Val.

Í tölvupósti fyrirvarsmanns kærða kemur fram:

Við erum að túlka reglugerðina á rangan hátt. Ég túlkaði hana þannig ef þú sleppir næsta 2. flokks leik eftir að hafa leikið með mfl. Þá mátt þú leika með 2. flokki eftir það. Reglugerðin er sem sagt þannig eins og er í þessu tilfelli að ef þú kemur inná í 5. Mínútur með mfl. Þá missir þú af næstu 5 leikjum 2. flokks ef engin mfl. Leikur er þar á milli sem þú sleppir að taka þátt í. Við getum því ekki annað gert en að biðjast afsökunar á þessu.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag ÍBV hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Fylki þann 1. Ágúst 2017.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að umræddur leikmaður hefði ekki mátt taka þátt í leiknum með vísan til 33. greinar, ákvæðis til bráðabirgða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Fylkis, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikur ÍBV og Fylkis sem fram fór á Íslandsmóti 2. flokks kvenna dæmdur tapður ÍBV með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik ÍBV gegn Fylki í leik liðanna sem fram fór í Vestmannaeyjum 1. ágúst 2017 í Íslandsmóti 2. flokks kvenna, er breytt og Fylki dæmdur 0-3 sigur í leiknum. Kærði, ÍBV, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

VI.
Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]